



Landsvirkjun
kt. 5808042410
Gylfaflöt 9,
112 Reykjavík

2601357 HBH

FRAMKVÆMDALEYFI

skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæðum
reglugerðar nr. 772/2012 með síðari breytingum.

Framkvæmdaraðili: Landsnet, kt. 5808042410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík.

Framkvæmdaleyfi þetta nær framkvæmda við tilfærslu á Búrfellslínu 1, tímabundna hækun á Búrfellslínu 3 vegna tengingar flutningskerfisins við Hvammsvirkjun og færslu Búrfellslínu 1 frá stíflumannvirkjum ásamt nýju tengivirki, eins og nánar er tilgreint í framkvæmdaleyfisumsókn framkvæmdaaðila, dags. 28. janúar 2026, greinargerð með umsókninni og öðrum fylgiskjölum umsóknar sem eru meðfylgjandi leyfi þessu. Framkvæmdin tekur til eftirfarandi þátta:

- **Niðurrif núverandi mastra:** Fjarlægja þarf 6 möstur í núverandi línu, þ.e. möstur 38-43, bæði möstur meðtalin. Við niðurrif verða möstrin felld í heilu lagi, bútuð niður, flutt í burtu og málmurinn sendur í endurvinnslu. Til verksins verða notaðar sömu vinnuvélar og þarf við reisingu nýrra mastra sem sett verða upp í kjölfarið. Á framkvæmdatíma verða reist 6 timburmöstur sem standa tímabundið og flytja raforku fram hjá framkvæmdasvæðinu og tryggja virkni flutningskerfisins á meðan á framkvæmdum stendur. Timburmöstrin verða fjarlægð að framkvæmdum loknum.
- **Uppsetning á nýjum möstrum:** Reist verða 7 ný möstur auk tveggja ramma sem taka á móti línunni og tengja við tengivirkið. Fjögur mastranna verða M-burðarmöstur úr stálgrind, 23,6–25,8 m á hæð, og þrjú þeirra fjórfótungsmöstur, 16 – 44 m á hæð. Þverslá eða brú í burðarmöstrum er 20 m löng.
- **Slóðagerð:** Línuvegir fylgja núverandi línunum og munu aðkomu- og vinnuvegir vegna Hvammsvirkjunar nýtast við framkvæmdirnar. Út frá þessum vegum þarf að gera nýja aðkomuslóða að nokkrum nýjum möstrum. Alls eru nýir slóðar að möstrum um 450 m innan Rangárbings Ytra.

Fætur burðarmastra munu standa á forsteyptum undirstöðum og stög halda möstrunum í skorðum. Við jörð tengjast stög við stagfestur, ýmist steypar staghellur eða bergbolta. Til að koma undirstöðum og stagfestum fyrir þarf að grafa, fleyga, sprengja eða bora. Fyrir undirstöður mastra er gert ráð fyrir að grafnar verði 2 m djúpar holur að stærð 2,5 x 3,0 m. Þar sem klöpp er við yfirborð er fleygað 1,0 – 1,5 m niður í klöppina og forsteyptri undirstöðu komið fyrir eða bergboltar festir ofan í klöppina og undirstaða steypit utan um þá. Þegar undirstöðum mastra og stagfestum hefur verið komið fyrir þarf að fylla að þeim með burðarhæfu efni. Uppgrafið efni verður nýtt að eins miklu leyti og mögulegt er.

Áætluð efnisþörf framkvæmdanna er um 6.500 m³ og er það einkum efni í línuslóða að möstrum, mastraplön og undirstöður mastra. Ekki verða opnaðar nýjar námur fyrir þessa framkvæmd heldur verður efnið fengið úr námum í nágrenninu sem hafa tilskilin leyfi.

Leyfið er eingöngu bundið við þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í framkvæmdaleyfisumsókn og á teikningum sem fylgdu umsókninni og fjallað er um í umhverfismatinu. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir nýju tengivirki í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Um er að ræða framkvæmd tengda Hvammsvirkjun, sem er háð mati á umhverfisáhrifum. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og voru gögn þess efnis lögð fram með umsókn framkvæmdaaðila.

Á fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra þann 15. apríl 2026 var framkvæmdaleyfisumsókn lögð fram ásamt meðfylgjandi gögnum auk greinargerðar sem Rangárþing ytra lét taka saman í samræmi við 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, dags. 13. mars 2026. Sveitarstjórn samþykkti greinargerð sveitarfélagsins í samræmi við 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem umsögn sveitarstjórnar um framkvæmdarleyfisumsóknina og að í henni felist rökstuðningur sveitarstjórnar skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 auk þess sem sveitarstjórn vísar til umsagnar umhverfis-, hálendis- og samgöngunefndar, frá fundi nefndarinnar þann 7. apríl 2026.

Í bókun sveitarstjórnar kemur fram að hún hafi kynnt sér umsókn framkvæmdaaðila auk greinargerðar, matsskýrslu og önnur framlögð gögn og taldi sveitarstjórn framkvæmdina sem lýst er í umsókn og framlögðum skjölum vera í samræmi við skipulagsáætlanir, matsskýrslu, úrskurði og ákvarðanir vegna umhverfismats framkvæmdanna, virkjunarleyfi ásamt heimild til breytingar á vatnshlotum og önnur fyrirbyggjandi gögn.

Með vísan til rökstuðnings í umsögn sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn Rangárþings ytra að gefið yrði út framkvæmdaleyfi í samræmi við framlagða umsókn framkvæmdaraðila með þeim skilyrðum sem fram koma í greinargerð sveitarstjórnar og nánar er gerð grein fyrir í öðrum framlögðum gögnum s.s. varðandi mótvegisaðgerðir, vöktun og frágang vegna framkvæmdarinnar.

Útgáfa framkvæmdaleyfisins er eingöngu bundin við þær framkvæmdir sem fjallað er um í framkvæmdaleyfisumsókn og tilgreindar eru á teikningum sem fylgdu umsókninni og fjallað er um í umhverfismatinu og eru í samræmi við skipulag.

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli fyrirliggjandi gagna og með þeim fyrirvörum og skilyrðum sem fram koma í þeim, sérstaklega greinargerð Rangárþings ytra frá 13. mars 2026, sem sveitarstjórn samþykkti sem umsögn sína, þar sem fram koma skilyrði og mótvægisaðgerðir leyfis þessa sem er jafnframt nánar gerð grein fyrir í öðrum framlögðum gögnum. Greinargerðin telst hluti þessa framkvæmdaleyfis.

Skipulagsfulltrúi fer með eftirlit með framkvæmdinni og því að öllum skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt og hún sé í samræmi við leyfi og fylgigögn leyfis. Skipulagsfulltrúi skal skila af sér skýrslu til sveitarstjórnar um framkvæmd eftirlitsins fyrir lok hvers áfanga framkvæmdarinnar. Verði skilyrðum vegna framkvæmdarinnar ekki framfylgt, ásigkomulag, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar eða eigin eftirliti framkvæmdaaðila ábótavant eða stafí af framkvæmdinni hættu skal skipulagsfulltrúi tilkynna sveitarstjórn þar um. Þá skal skipulagsfulltrúi gera grein fyrir frávikum og tilkynna framkvæmdaraðila skriflega um frávik og kröfur til úrbóta.

Fylgiskjöl með framkvæmdaleyfi eru eftirtalin og teljast hluti leyfisins:

1. Umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi, dags. 28. janúar 2026.
2. Greinargerð Landsnets með umsókn um framkvæmdaleyfi, framkvæmdalýsing og teikningar
3. Kort með línubreytingum – teikningar og yfirlitsmynd af framkvæmd
4. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar - stærri uppdráttur
5. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar - lega lína
6. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar – greinargerð og umhverfisskýrsla
7. Umhverfismatsskýrsla, dags. 1. apríl 2003
8. Úrskurður Skipulagsstofnunar, dags. 19. ágúst 2003
9. Úrskurður ráðherra, dags. 27. apríl 2004
10. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu, dags. 16. desember 2015
11. Endurskoðað umhverfismat frá því í október 2017
12. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 2018, dags. 12. mars 2018
13. Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar 2025 – Bráðabirgðaheimild, dags. 11. ágúst 2025
14. Virkjunarleyfi ásamt heimild til breytingar á vatnshlotum frá Umhverfis- og orkustofnun, dags. 12. desember 2025
15. Umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna umsóknarinnar frá 23. febrúar 2026
16. Greinargerð í samræmi við 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna framkvæmdarinnar, dags. 13. mars 2026

Framkvæmdaleyfi þetta má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar um útgáfu leyfisins.

Gjald vegna útgáfu framkvæmdarleyfis þessa er í samræmi við gjaldskrá Rangárþings ytra og miðast gjaldið við eftirlit sveitarfélagsins, þ.m.t. kostnað vegna eftirlits, vegna allra framkvæmda sem leyfið tekur til og að frágangur verði skv. framlögðum áætlunum framkvæmdaaðila.

Gildistími framkvæmdaleyfis þessa er í samræmi við greinargerð og framkvæmdaáætlun framkvæmdaraðila. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 20. apríl 2026 að telja.

Rangárþingi ytra, 20. apríl 2026

Skipulagsfulltrúinn í Rangárþingi ytra,



Haraldur Birgir Haraldsson